
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Könnun á viðhorfum starfsfólks í fiskvinnslu á
norðanverðum Vestfjörðum**

Ágúst 2007

Um framkvæmd könnunarinnar sá Fjölmenningssetur
í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.

Rannsóknin var styrkt af:
Vinnumálastofnun
Verkalýðsfélagi Vestfirðinga
Ísafjarðarbæ
Bolungarvíkurkaupstað
Súðavíkurhrepp
Evrópuverkefninu Ár jafnra tækifæra

Kristín Erla Harðardóttir

Efnisyfirlit

INNGANGUR	5
I. FRAMKVÆMD, HEIMTUR OG MARKTEKT	6
II. BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR	8
III. BÚSETA OG RÉTTARSTAÐA INNFLYTJENDA	11
IV. TUNGUMÁLAKUNNÁTTA INNFLYTJENDA	14
V. ATVINNA	16
VI. ÞJÓNUSTA	21
VII. ÞÁTTTAKENDUR	23
VIÐAUKI 1	26

Inngangur

Innihald skýrslunnar

Í **kafla I** er fjallað um framkvæmd og heimtur könnunarinnar, meðal annars er skoðað hvernig könnunin endurspeglar þá hópa sem starfa í fyrirtækjunum. Einnig er fjallað um marktækt og hvernig marktækur munur milli hópa er táknaður.

Í **kafla II** eru kynntar þær bakgrunnsbreytur sem notast voru í hluta úrvinnslunnar. Þær bakgrunnsbreytur sem voru skoðaðar eru kyn og hjúskaparstaða, menntun og fæðingarland svarenda.

Í **kafla III** er fjallað um þætti sem viðkoma búsetu svarenda innflytjenda hér á landi, um ástæður komu og búsetu þeirra hér á landi. Meðal annars er fjallað um ástæður fyrir flutningi til Íslands, flutningi milli landshluta, húsnæðismál og réttarstöðu innflytjenda.

Í **kafla IV** er fjallað um móðurmál svarenda, kunnáttu í öðrum tungumálum og skilningj á íslensku.

Í **kafla V** er fjallað um þætti sem viðkoma atvinnu svarenda hér á Íslandi. Auk þess er fjallað um viðhorf til vinnuskilyrða fólks í þessari atvinnugrein á svæðinu.

Í **kafla VI** er fjallað um ýmiskonar þjónustu sem stendur svarendum til boða, meðal annars þjónustu verkalýðsfélaga auk þess sem þau voru spurð um nýtingu á annari þjónustu.

Í **kafla VII** er fjallað almennt um þátttakendur um aldur, húsnæðismál, nýtingu menntunar og áhuga á aukinni menntun.

Spurningar í könnun þessari eru tengdar spurningum úr landskönnun sem framkvæmd verður 2007 til 2008 meðal innflytjenda á Íslandi. Sú könnun verður miðuð við innflytjendur frá Póllandi, Tailandi, Filippseyjum, Serbíu-Svartfjallalandi, Króatíu, Bosníu-Herzegóníu og Slóveníu. Auk þess tengjast spurningar lagðar fyrir í þessari könnun annari könnun sem lögð var fyrir innflytjendur frá sömu löndum¹ búsettum á Vestfjörðum og Austurlandi árið 2004. Ástæða fyrir því að farið var á stað með könnun þessa í júní á norðanverðum Vestfjörðum er atvinnuástandið í kjölfar uppsagna sem átt hafa sér stað í byggðalaginu í tengslum við minnkandi aflaheimildir.

Könnun þess var styrkt af eftirfarandi aðilum: Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurbær, Vinnumálastofnun, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Evrópuverkefnið *Ár jafnra tækifæra*.

¹ Póllandi, Tailandi, Filippseyjum, Serbía-Svartfjallalandi, Króatíu, Bosníu-Herzegóníu og Slóveníu.

I. Framkvæmd, heimtur og marktekt

Þann 11. til 16. júlí 2007 kannaði Fjölmenningarsetrið í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, viðhorf starfsmanna í sjö fiskverkunum á eftirfarandi stöðum á norðanverðum Vestfjörðum: Suðureyri, Hnífsdal, Flateyri, Bolungarvík, Súðavík og Þingeyri. Markmiðið með framkvæmd könnunarinnar var að fá fram viðhorf svarenda til atvinnuöryggis síns á stöðunum. Könnunin var lögð fyrir bæði Íslendinga og innflytjendur sem vinna í fyrirtækjunum. Könnunin var þýdd á þrjú tungumál auk íslensku, eða ensku, pólsku og tælensku. Þeir listar sem lagðir voru fyrir innflytjendur í þessari könnun höfðu þó fleiri spurningar en þeir listar sem lagðir voru fyrir Íslendinga. Ástæða þess var að spyrja þurfti nánar út í atriði sem viðkoma búsetu, s.s. um tímalengd búsetu, ástæður fyrir flutningi til landsins, leyfi, fæðingarland, móðurmál, tungumálakunnáttu og skilning á íslensku. Í skýrslu þessari er rætt um svarendur þegar talað er um alla sem tóku þátt í könnuninni en innflytjendur þegar eingöngu er rætt um þá svarendur sem eru erlendir².

Fjölmenningarsetur sá um öll samskipti við þátttakendur. Könnunin var framkvæmd í nokkrum fiskvinnslufyrirtækjum á þann hátt að farið var inn á vinnustaði á matar og kaffitímum og könnun lögð fyrir starfsmenn sem voru á staðnum. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjum voru 221 starfsmenn eldri en 18 ára við störf í fyrirtækjunum þá daga sem fyrirlögnin fór fram en alls svöruðu 150 starfsmenn listanum. Í töflu I.1. má sjá yfirlit yfir heimtur í könnuninni. Alls voru svör frá 150 manns og var það um 69% af þeim starfsmönnum sem starfandi voru þá daga sem farið var inn í fyrirtækin. Af þeim starfsmönnum sem náðist í neituðu tveir að svara listum.

Tafla I.1. Heimtur í könnun

<i>Staðir</i>	<i>Fjöldi starfsmanna yfir 18 ára</i>	<i>Fjöldi svarenda spurningarlista</i>	<i>Hlutfall svara innan hvers staðar</i>	<i>Hlutfall sem svarar</i>
Suðureyri	77	54	70,1%	24,7%
Bolungarvík	22	12	54,5%	5,5%
Hnífsdalur	45	28	63,6%	12,8%
Þingeyri	33	20	62,5%	9,1%
Flateyri	36	31	86,1%	14,2%
Súðavík	8	5	62,5%	2,3%
Alls	221	150	--	68,6%

Ef fjöldi svara er skoðaður eftir því á hvaða tungumáli var svarað má sjá að flestir svöruðu lista á pólsku, eða íslensku (sjá töflu I.2.).

² Innflytjendur eru skilgreindir þau sem starfa í fyrirtækjum og hafa ekki íslensku sem móðurmál.

Tafla I.2. Tungumál lista		<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall</i>
<i>Tungumál á lista</i>	<i>Fjöldi svaraðra</i> <i>Lista</i>	<i>Svara innan</i> <i>hvers tungumáls</i>	<i>Sem svarar</i>
Pólska	64	42,7%	29,2%
Enska	16	10,7%	7,3%
Taíleska	11	7,3%	5,0%
Íslenska	59	39,3%	26,9%
Alls	150	100%	68,4%

Í könnun var viðhorf þátttakenda kannað eftir bakgrunni þeirra. Til að meta hvort munur á milli staða væri tölfræðilega marktækur voru notuð viðeigandi marktæktarpróf, yfirleitt kí-kvaðrat. Í töflum er táknað með stjörnu hvort munur á milli hópa var tölfræðilega marktækur. Ein stjarna merkir að líkurnar séu 95% á því að munur sem fram kemur meðal svarenda sé einnig til staðar meðal alls fiskvinnslu vinnuafis á Íslandi. Í flestum tilvikum voru marktæktarpróf ógild vegna fámennra hópa og er það merkt með skammstöfuninni *óg*.

II. Bakgrunnsupplýsingar

Hér verða kynntar niðurstöður um bakgrunn þátttakenda.

II.1. Kyn og hjúskaparstaða svarenda

Svarendur voru 81 kona og 62 karlar, konur voru því um (57%) svarenda. Sjö svarendur sögðu ekki til um kyn sitt. Þegar kynjaskipting er skoðuð hjá þeim svarendum sem voru innflytjendur kemur í ljós að kynjaskipting er nokkuð sambærileg og í heildarhópnum, en um 60% innflytjenda eru konur. Í töflu II.1 má sjá að meirihluti svarenda er því í hjónabandi eða sambúð.

Tafla II.1. Hver er hjúskaparstaða þín?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall sem svarar</i>
Gift(ur)	79	52,7%	54,9%
Í sambúð	17	11,3%	11,8%
Ógift(ur)	34	22,7%	23,6%
Fráskilin(n)	10	6,7%	6,9%
Ekkja/ekkill	4	2,7%	2,8%
Svarar ekki	6	4%	-
Alls	150	100%	100%

Í ljósi þess hve fámennir sumir hóparnir voru, var hjúskaparstöðu skipt í tvo hópa í stað fimm í greiningu á gögnum. Annars vegar voru þeir svarendur sem voru í hjónabandi eða sambúð flokkaðir saman og hins vegar þeir sem voru ekki í hjónabandi, fráskildir eða höfðu misst maka sinn. Alls voru því 96 í hjónabandi eða sambúð (67%) og 48, eða 33% ekki voru í hjónabandi eða sambúð. Þegar hjúskaparstaða innflytjenda var skoðuð kom í ljós að 60 voru í hjónabandi eða sambúð, eða 68% af hópnum.

II.2. Menntun svarenda

Eins og sjá má í töflu II.2 höfðu flestir þátttakendur lokið námi umfram grunnskólanámi, eða 31,5% en 24% svarenda höfðu lokið starfsnámi öðru en iðnnámi. Undir nám á háskólastigi flokkast próf úr sérskólum, til dæmis tækniskólum og nám í háskóla.

Tafla II.2. Hvaða námi/prófum hefur þú lokið?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall sem svarar</i>
Námi á grunnskólastigi /gagnfræðaskóla	45	30,0%	31,5%
Starfsnámi, annað en iðnnámi	34	22,7%	23,8%
Verklegu námi á framhaldsskólastigi, iðnnámi	20	13,3%	14,0%
Bóklegu námi á framhaldsskólastigi	16	10,7%	11,2%
Nám á háskólastigi	10	6,7%	7,0%
Prófi úr sérskólum, t.d. tækniskólum	10	6,7%	7,0%
Hef engu námi lokið	7	4,7%	4,9%
Öðru námi	1	0,7%	0,7%
Svarar ekki	7	4,7%	-
Alls	150	100%	100%

Í ljósi þess hve fámennir sumir hóparnir voru var menntun skipt í þrjá hópa í stað átta í greiningu á gögnum. Sjá töflu II.3.

Tafla II.3. Hvaða námi/prófum hefur þú lokið?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall sem svarar</i>
Námi á grunnskólastigi eða engin menntun	52	34,7%	36,6%
Starfsnámi eða framhaldsskóli	70	46,7%	49,3%
Námi í háskólastigi	20	13,3%	14,1%
Svarar ekki	8	5,3%	-
Alls	150	100%	100%

Ekki reyndist marktækur munur á menntun þátttakenda eftir kyni eða hjúskaparstöðu (sjá bakgrunnstöflu 9).

Þegar menntun innflytjendanna er skoðuð kemur í ljós að um 63% þeirra hafa lokið starfsnámi eða framhaldsskólanámi, um 15% hafa lokið námi á háskólastigi.

II.3. Fæðingarland svarenda

Í töflu II.4 má sjá skiptingu svarenda eftir fæðingarlandi. Þar sem mjög fáir svarendur voru frá nokkrum löndum voru þeir settir saman í einn hóp. Íslendingarnir sem svöruðu íslenskum listum svöruðu ekki þessari spurningu sem skýrir af hverju svo margir svara ekki. Endanlega flokkun má sjá í töflu II.5.

Tafla II.4. Í hvaða landi ert þú fædd(ur)?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall Sem svarar</i>
Póllandi	65	43,3%	67,7%
Filippseyjum	8	5,3%	8,3%
Taílandi	12	8,0%	12,5%
Öðru landi	11	7,3%	11,5%
Svarar ekki ³	54	36,0%	-
Alls	150	100%	100%

Í endanlegri flokkun, sameinað eftir fæðingarlandi, nær *Asía* yfir svarendur sem eru fæddir á Filippseyjum og í Taílandi og öll lönd utan Asíu og Póllands eru sett saman undir heitinu *öðru landi*. Eins og sjá má í töflu II.5. á stærsti hópur svarenda uppruna sinn í Póllandi eða tæp 44%

Tafla II.5. Hvaða landi ert þú frá?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall Sem svarar</i>
Póllandi	65	43,3%	43,6%
Asíu	20	13,3%	13,4%
Öðru landi	11	7,3%	7,4%
Íslandi	53	35,3%	35,6%
Svarar ekki	1	0,7%	-
Alls	150	100%	100%

³ Svára ekki, þar undir fellur einn innflytjendur sem neita að svara auk þeirra Íslendinga sem svöruðu ekki þessari spurningu.

III. Búseta og réttarstaða innflytjenda

Í þessum kafla er greint frá niðurstöðum spurninga um búsetu innflytjenda hér á landi, um ástæður þess að flutt var til Íslands, flutning milli landshluta auk réttarstöðu innflytjenda.


III.1. Búseta innflytjenda

Innflytjendur voru spurðir í hversu mörg ár þeir hefðu búið samfleytt á Íslandi. Eins og má sjá í töflu III.1 hafði rúmlega helmingur innflytjenda búið á Íslandi í innan við þrjú ár og um fjórðungur í sjö ár eða lengur.

Tafla III.1. Í hversu mörg ár hefur þú búið samfleytt á Íslandi?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall sem svarar</i>
Innan við þrjú ár	50	33,3%	52,6%
Frá þremur árum og allt að fimm árum	7	14,7%	7,4%
Frá fimm árum og allt að sjö árum	16	10,7%	16,8%
Sjö ár eða meira	22	14,7%	23,2%
Svarar ekki	55 ⁴	36,7%	-
Alls	150	100%	100%

Meirihluti innflytjenda hafði fyrst flutt til Vestfjarða og bjó þar enn þegar könnun var framkvæmd. Svo virðist sem hreyfanleiki hópsins hafi ekki verið mikill, enda hafði stór hluti hópsins búið á Íslandi innan við þrjú ár.



Mynd III.1. Í hvaða landshluta bjóst þú fyrst eftir að þú fluttir til Íslands?

⁴ Inn í þessari tölu eru þeir 53 Íslendingar sem ekki fengu þessa spurningu, þ.a.l. voru það aðeins aðeins 2 sem kusu að svara henni ekki.


Í töflu III.2 má sjá svör innflytjendanna um ástæður þess að þeir fluttust til Íslands. Flestir svöruðu því til að þeir hefðu flust til Íslands til að stunda vinnu.

Tafla III.2. Af hverju fluttir þú til Íslands?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svarendum*</i>
Til að stunda vinnu	81	63,8%	83,5%
Vegna tengsla við fólk á Íslandi	17	13,4%	17,5%
Forvitni	12	9,4%	12,4%
Annað	10	7,9%	10,3%
Vegna sambúðar / giftingar	6	4,7%	6,2%
Til að stunda nám	1	0,8%	1,0%
Alls	127	100%	130,9%

* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.


Eins og sjá má á mynd III.2 var mjög stór hluti hópsins sem ekki hafði gert það upp við sig við komuna til Íslands hvað hann ætlaði að búa lengi hér á landi, eða 44%. Nokkuð stór hópur hafði allt að þrjú ár í huga en um 24% höfðu þegar ákveðið að búa á Íslandi til frambúðar eins og sjá má á mynd.



Mynd III.2. Hversu lengi hefur þú hugsað þér að búa á Íslandi?


III.2. Réttarstaða innflytjenda

Innflytjendurnir voru spurðir um hvaða leyfi þeir hefðu á Íslandi. Ríflega fjórðungur þeirra (28%) hafði EES dvalarleyfi og 19% höfðu ríkisborgararétt hér á landi.



Mynd III.3. Ert þú með eftirfarandi leyfi á Íslandi?


Næstum allir innflytjendanna voru með lögheimili á Íslandi, eða 96% þeirra.



Mynd III.4. Ert þú með lögheimili á Íslandi?

IV. Tungumálakunnátta innflytjenda


Hér verður fjallað um kunnáttu í móðurmáli innflytjenda og kunnáttu í öðrum tungumálum. Pólska var móðurmál um 67% svarenda, önnur tungumál sem voru nefnd sem móðurmál svarenda voru til dæmis taíenska (13%), Tagalog/Cebuano (7%) (sem eru tungumál Filippseyja), enska og Serbó/Króatíska. Tæpur helmingur innflytjenda (47%) geta ekki tjáð sig á öðru tungumáli en móðurmáli sínu. Þeir sem sögðust tala önnur tungumál nefndu oftast ensku (71%) eða íslensku (44%). Ekki reyndist marktækur munur á því hvort fólk talaði önnur tungumál en móðurmál eftir kyni, hjúskaparstöðu, menntun eða fæðingarlandi.



Mynd IV.1. Getur þú tjáð þig á öðrum tungumálum en móðurmáli þínu?

Svarendur máttu merkja við fleira en eitt tungumál, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Eins og sjá má á mynd IV.2. hafði rúmur þriðjungur innflytjenda frekar eða mjög góðan skilning á íslensku, 40% taldi skilning sinn hvorki góðan né slæman og rúmur fjórðungur taldi sig hafði frekar slæman skilning eða mjög slæman skilning á íslensku.




Mynd IV.2. Hversu góðan eða slæman skilning telur þú þig hafa á íslensku?

Ekki reyndist marktækur munur á konum og körlum í þessu efni, né eftir hjúskaparstöðu, menntun eða fæðingarlandi (sjá bakgrunnstöflu 2 í viðauka).

V. Atvinna


Í þessum kafla eru niðurstöður úr spurningum er varða atvinnu svarenda hér á landi ásamt því að spurt var um ýmsa þætti tengda vinnuskilyrðum þeirra. Þessar spurningar voru bæði lagðar fyrir innflytjendur og Íslendinga.

Allir svarendur voru virkir á vinnumarkaði enda var úrtakið háð vinnustöðum í fiskvinnslu. Mikill meirihluti svarenda, eða 80%, unnu við ósérhæfð störf eða verkamannastörf. Þeir svarendur sem unnu við stjórnunarstörf voru allt Íslendingar. Flestir innflytjendur unnu við ósérhæfð störf.




Mynd V.1. Hvert er þitt aðalstarf á Íslandi?

Svo virðist sem hlutfallslega fleiri konur vinni við ósérhæfð störf en karlar og 4 af hverjum 5 svarendum sem hafa menntun umfram grunnskóla vinni við ósérhæfð störf. Auk þess eru hlutfallslega fleiri útlendingar en Íslendingar sem vinna við ósérhæfð störf (sjá bakgrunnstöflu 3 í viðauka). Allir svarendur unnu við atvinnugreinar sem tengdust fiskvinnslu eða fiskveiðum. Á mynd V.2. má sjá að helmingur svarenda hafði unnið á núverandi vinnustað í innan við þrjú ár og 26% í sjö ár eða lengur. Um fjórðungur svaranda hefur unnið á núverandi vinnustað í þrjú til sjö ár.



Mynd V.2. Hversu lengi hefur þú unnið á núverandi vinnustað?

Eins og sjá má á mynd V.3⁵ hafði fjórðungi svarenda verið sagt upp störfum þegar könnunin var framkvæmd og 17% svarenda óttaðist um starf sitt. Ekki reyndist marktækur munur eftir kyni og hjúskaparstöðu (sjá bakgrunnstöflu 4 í viðauka).




Mynd V.3. Hver er atvinnustaða þín í dag?

Þegar svarendur voru spurðir hvort uppsagnir hefðu verið í kjölfar samdráttar í fyrirtækjum sem þeir unnu hjá á síðustu 12 mánuðum svöruðu 31% því játandi.

Á mynd V.4 sést að um þriðjungur svarenda taldi atvinnumöguleika sína í dag vera verri en fyrir 12 mánuðum. Um þriðjungur taldi atvinnumöguleika sína svipaða í dag og fyrir 12 mánuðum og


⁵ Í upplýsingum frá fyrirtækjum á þeim tíma sem könnun var framkvæmd kemur í ljós að á síðustu sex mánuðum hafi 92 einstaklingum verið sagt upp störfum.

Þriðjungur taldi atvinnumöguleika sína heldur eða mun betri (sjá mynd V.4). Ekki reyndist marktækur munur eftir kyni eða hjúskaparstöðu (sjá bakgrunnstöflu 5, í viðauka).



Mynd V.4. Hvernig metur þú atvinnumöguleika þína í dag miðað við fyrir 12 mánuðum?

Meiri hluti svarenda, eða 68%, taldi frekar eða mjög erfitt að fá vinnu í heimabyggð ef þeim væri sagt upp störfum í dag. Aðeins 12% svarenda taldi það frekar eða mjög auðvelt.




Mynd V.5. Ef þér væri sagt upp störfum í dag, hversu auðvelt telur þú að það væri fyrir þig að fá vinnu í þinni heimabyggð?

Svo virðist sem hlutfallslega fleiri konur en karlar (60%) telji það frekar eða mjög erfitt fyrir sig að fá vinnu í sinni heimabyggð ef til uppsagnar kæmi. Sömuleiðis virðist sem hlutfallslega fleiri þeirra sem höfðu hvað minnstu formlega menntun teldu það erfitt fyrir sig að fá vinnu í heimabyggð ef þeim yrði sagt upp (sjá bakgrunnstöflu 6 í viðauka).

Svo virðist sem Íslendingar hafi meiri áhyggjur en innflytjendur af því að fá atvinnu í heimabyggð (sjá bakgrunnstöflu 6 í viðauka) yrði þeim sagt upp. Eingöngu 6% svarenda svöruðu því játandi að hluti starfsmanna eða allir starfsmenn fyrirtækis hefðu tekið á sig launalækkun og/eða afsalað sér launahækkunum á undanförunum 12 mánuðum að ósk stjórnenda fyrirtækisins (sjá bakgrunnstöflu 7 í viðauka). Af þeim sem svöruðu þessari spurningu játandi var helmingur innflytjendur .


V.1. Áhugi á að hefja rekstur á eigin fyrirtæki

Eingöngu um 13% svarenda svöruðu því játandi að þeir hefðu áhuga á að hefja eigin rekstur og um 4% svarenda höfðu þegar stofnað eigið fyrirtæki. Af þeim sem þegar höfðu stofnað fyrirtæki er helmingur innflytjendur. Á mynd V.6. er hægt að sjá á bláu súlum skiptingu á milli þerra 13% sem svaraði að þau hefðu áhuga að hefja eigin rekstur, hvort viðkomandi hafi hafið undirbúning eða ekki á stofnun fyrirtækis. Af þeim er meirihluti sem ekki hefur hafið undirbúning á stofnun fyrirtækis.



Mynd V.6. Hefur þú áhuga á að hefja eigin rekstur eða stofna fyrirtæki?

Þegar þátttakendur voru spurðir um hverskonar fyrirtæki eða rekstur þeir hefðu áhuga að stofna eða hefðu þegar stofnað kom í ljós að flestir, eða 30% svaranda nefndu áhuga á að stofna verslunar- eða þjónustufyrirtæki.




Mynd V.7. Hvers konar rekstur eða fyrirtæki hefur þú áhuga á að stofna eða hefur nú þegar stofnað?

VI. Þjónusta

Meirihluti svarenda, eða 81%, sagðist vera í stéttarfélagi eða sambærilegu félagi, en þó voru um 7% svarenda sem vissi ekki hvort þeir voru í félagi eða ekki. Um 12% svarenda voru því ekki skráðir í stéttarfélag eða sambærilegt félag. Skoðað var hvort það væru frekar innflytjendur en Íslendingar sem voru ekki í stéttarfélagi. Niðurstöður sýndu að af þeim sem ekki voru í stéttarfélagi voru alls 15 af þeim 17 innflytjendur. Einnig vakti athygli að af þeim 11 sem vissu ekki hvort þeir væru í stéttarfélagi voru 8 innflytjendur. Svo virðist sem hlutfallslega fleiri karlar en konur væru ekki í stéttarfélagi (sjá bakgrunnstöflu 8 í viðauka).

Af þeim svarendum sem voru í stéttarfélagi höfðu aðeins 30% af þeim einhvern tíma leitað til stéttar-/verkalýðsfélagsins. Hlutfallið var lægra á meðal innflytjenda eða um 23%. Á mynd VI.1. má sjá á bláum súlum ástæður þeirra þátttakenda sem ekki höfðu leitað til stéttar-/verkalýðsfélags, en þar kemur í ljós að flestir, eða 78%, sögðust ekki hafa þurft á því að halda. Meðal innflytjenda var hlutfallið svipað, eða um 75% þeirra sagðist ekki hafa þurft á því að halda. Um 7% innflytjenda sögðu ástæðu þess að þeir leituðu ekki til stéttarfélags vera tungumálaerfiðleika.



Mynd VI.1. Hefur þú leitað til stéttar-/verkalýðsfélags á Íslandi?

Taldar voru upp 8 mismunandi þjónustubættir og þau spurð hvaða aðstoð/þjónusta myndi nýtast þeim. Um 2 af hverjum 5, eða 39% svaranda, taldi að aðstoð við atvinnuleit myndi nýtast þeim. Í töflu VI.1. má sjá hvernig skipting þátttakenda var en fjöldatölur eru mun hærri en heildarfjöldi þátttakenda vegna þess að svarendur gátu merkt við fleiri en eitt atriði.

Tafla VI.1. Ef þér stæði til boða aðgangur að aðstoð/þjónustu við eftirfarandi þætti, hverja af þeim myndir þú nýta þér?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svarendum*</i>
Atvinnuleit á Vestfjörðum	56	23,1%	48,3%
Atvinnuleit annarsstaðar á Íslandi	38	15,7%	32,8%
Við sölu/kaup á húsnæði	34	14%	29,3%
Upplýsingar um íslenskunám	31	12,8%	26,7%
Upplýsingar um aðra menntun	29	12,0%	25,0%
Við leigu/útleigu á húsnæði	23	9,5%	19,8%
Aðstoð við gerð starfferils/við að fá meðmæli	16	6,6%	13,8%
Aðstoð við að stofna eigið fyrirtæki	15	6,2%	12,9%
Alls	242	100,0%	208,6%

* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

Þegar sama spurning er skoðuð einungis fyrir innflytjendur má sjá að um 37% taldi að sér myndi nýtast aðstoð við atvinnuleit (tafla VI.2).


Tafla VI.2. Innflytjendur. Ef þér stæði til boða aðgangur að aðstoð/þjónustu við eftirfarandi þætti, hverja af þeim myndir þú nýta þér?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svarendum*</i>
Atvinnuleit á Vestfjörðum	32	22,7%	35,2%
Atvinnuleit annarsstaðar á Íslandi	20	14,2%	22,0%
Við sölu/kaup á húsnæði	18	12,8%	19,2%
Upplýsingar um íslenskunám	28	19,9%	30,8%
Upplýsingar um aðra menntun	17	12,1%	18,7%
Við leigu/útleigu á húsnæði	14	9,9%	15,4%
Aðstoð við gerð starfferils/við að fá meðmæli	6	4,3%	6,6%
Aðstoð við að stofna eigið fyrirtæki	5	4,3%	6,6%
Alls	141	100,0%	155,1%

* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.


VII. Þátttakendur

Rúmlega helmingur þátttakenda, eða 57% var á aldrinum 18 til 37 ára en meðalaldur þátttakenda var 36,4 ára.



Mynd VII.1. Hvert er fæðingarár þitt?

67% svarenda var í sambúð eða gift. Flestir makar (allra) svarenda komu frá Póllandi eða 44%.




Mynd VII.2. Í hvaða landi á maki þinn uppruna sinn?

53% svarenda höfðu börn á framfæri sínu, þegar könnun var framkvæmd og stærstur hópur barna var á aldri 0 til 12 ára.

Aðspurðir um húsnæðismál reyndust 45% búa í eigin húsnæði og 37% í leiguhúsnæði á almennum markaði eða leiguhúsnæði á vegum sveitarfélagsins. Mjög fáir bjuggu í húsnæði á vegum þess fyrirtækis sem þeir unnu hjá (mynd VII.3). Þeir þátttakendur sem voru í leiguhúsnæði voru spurðir

hvort þau fengu húsaleigubætur og svaraði 67,5% þátttakenda því neitandi. Þau sem voru í eigin húsnæði voru spurð hvort þau fengju vaxtabætur og svöruðu 83% því neitandi.




Mynd VII.3. Í hvernig húsnæði býrð þú?

Þegar spurning um hvernig húsnæði býrð þú í var skoðuð fyrir innflytjendur kemur í ljós að 36% þeirra bjó í eigin húsnæði og um 44% í leiguhúsnæði á almennum markaði eða leiguhúsnæði á vegum sveitarfélagsins. Á sama hátt var skoðuð svörun hjá innflytjendum um hvort þeir fái húsaleigubætur fyrir leiguhúsnæði og kemur þá í ljós að 66,5% innflytjenda svara henni neitandi.

VII.1. Nýting menntunar og áhugi á menntun

Næstum allir innflytjendur í könnun, eða 97%, höfðu ekki reynt að fá menntun sína metna hér á landi. Allir þátttakendur voru spurðir um áhuga á frekara námi og kom í ljós að meiri hluti þátttakenda hafði áhuga á frekara námi eða 62% svarenda. Þegar áhugi fyrir frekara námi er skoðaður hjá innflytjendum kemur í ljós sambærilegt hlutfall þeirra hefur áhuga á frekara námi, eða 63%. Allir þátttakendur voru spurðir um hvað slíkt nám myndi fela í sér og kom þá í ljós að 27% höfðu ekki ákveðið í hvaða nám þeir vildu stunda (mynd VII.4.). Meðal innflytjenda var hlutfallið sambærilegt, en 27,5% þeirra höfðu ekki ákveðið í hvað nám þeir vildu fara.



Mynd VII.4. Hvað myndi slíkt nám fela í sér?

Viðauki 1

Spurning 1. í lista fyrir innflytjendur.

Tafla 1. Hversu lengi hefur þú búið á Íslandi?					
	<i>Innan við 3 ár</i>	<i>3-5 ár</i>	<i>5-7 ár</i>	<i>Meira en 7 ár</i>	<i>Fjöldi</i>
Kyn (óg)					
Karlar	66,7%	8,3%	16,7%	8,3%	36
Konur	42,9%	7,1%	16,1%	33,9%	56
Í hjónabandi/sambúð (óg)					
Já	47,6%	6,3%	20,6%	25,4%	63
Nei	63,3%	10,0%	10,0%	16,7%	30
Menntun (óg)					
Grunnskólanám eða minna	50,0%	8,3%	8,3%	33,3%	12
Starfsnám eða framhaldsskólanám	53,1%	7,8%	17,2%	21,9%	64
Nám á háskólastigi eða tækniskóla	55,3%	0,0%	26,7%	20,0%	15
Fæðingarland (óg)					
Pólland	60,0%	6,2%	12,3%	21,5%	65
Asía	33,3%	16,7%	16,7%	33,3%	18
Annað land	45,5%	0,0%	36,4%	18,2%	11

Spurning 9. í lista fyrir innflytjendur

Tafla 2. Getur þú tjáð þig á öðru tungumálum en móðurmáli þínu?			
	<i>Nei</i>	<i>Já</i>	<i>Fjöldi</i>
Kyn			
Karlar	48,5%	51,5%	33
Konur	42,6%	57,4%	54
Í hjónabandi/sambúð			
Já	50,0%	50,0%	58
Nei	37,9%	62,1%	29
Menntun			
Grunnskólanám eða minna	18,2%	81,8%	11
Starfsnám eða framhaldsskólanám	52,5%	47,5%	59
Nám á háskólastigi eða tækniskóla	40,0%	60,0%	15
Fæðingarland			
Pólland	53,3%	46,7%	60
Asía	31,6%	68,4%	19
Annað land	36,4%	63,6%	11

Spurning 12. í öllum listum.

Tafla 3. Hvert er þitt aðalstarf á Íslandi í dag?

	Ósérhæft starf verkam.v.	Bifreiðast. vélgæsla	Afgreiðslu þjónustust.	Iðnaðarm. Skrifstofu starf	Sérhæft starf tæknistarf	Stjórnunar starf	Annað	Fjöldi	
Kyn (óg)									
Karlar	76,7%	6,7%	0,0%	1,7%	1,7%	1,7%	10,0%	1,7%	60
Konur	82,4%	0,0%	1,4%	0,0%	1,4%	5,4%	2,7%	6,8%	74
Í hjónabandi/sambúð (óg)									
Já	78,2%	3,4%	1,1%	0,0%	2,3%	3,4%	8,0%	3,4%	87
Nei	83,3%	2,1%	0,0%	2,1%	0,0%	4,2%	2,1%	6,3%	48
Menntun (óg)									
Grunnskólanám eða minna	92,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	7,7%	0,0%	0,0%	13
Starfsnám /framhaldsskólanám	78,7%	3,2%	1,1%	1,1%	1,1%	3,2%	7,4%	4,3%	94
Nám á háskólastigi/ tækniskóla	80,0%	4,0%	0,0%	0,0%	4,0%	4,0%	4,0%	4,0%	25
Fæðingarland (óg)									
Pólland	90,5%	3,2%	1,6%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	4,8%	63
Asía	75,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	6,3%	0,0%	18,8%	16
Íslandi	64,0%	4,0%	0,0%	2,0%	4,0%	8,0%	16,0%	2,0%	50
Annað land	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	11

Spurning 15. í öllum listum.

Tafla 4. Hver er atvinnustaða þín í dag?

	Mér hefur verið sagt upp störfum	Ekki verið sagt upp, en óttast um starf	Ekki sagt upp/ óttast ekki um starf	Fjöldi
Kyn				
Karlar	26,4%	17,0%	56,6%	53
Konur	21,9%	18,8%	59,4%	64
Í hjónabandi/sambúð				
Já	25,0%	18,8%	56,3%	80
Nei	21,1%	15,8%	63,2%	38
Menntun (óg)				
Grunnskólanám eða minna	44,4%	22,2%	54,5%	9
Starfsnám /framhaldsskólanám	22,4%	15,3%	56,6%	85
Nám á háskólastigi eða tækniskóla	27,3%	18,2%	59,4%	22
Fæðingarland (óg)				
Pólland	35,0%	11,7%	53,3%	60
Asía	0,0%	33,3%	66,7%	9
Ísland	20,9%	18,6%	60,5%	43
Annað land	0,0%	30,0%	70,0%	10

Spurning 16. í öllum listum.

Tafla 5. Hvernig metur þú atvinnumöguleika þína í dag miðað við fyrir 12 mánuðum?						
	<i>Mun betri</i>	<i>Heldur betri</i>	<i>Svipaða</i>	<i>Heldur verri</i>	<i>Mun verri</i>	<i>Fjöldi</i>
Kyn						
Karlar	8,3%	15%	40%	26,7%	10%	60
Konur	19,5%	20,8%	31,2%	18,2%	10,4%	77
Í hjónabandi/sambúð						
Já	17,4%	19,6%	29,3%	25%	8,7%	92
Nei	8,7%	17,4%	45,7%	15,2%	13%	46
Menntun (óg)						
Grunnskólanám eða minna	31,3%	12,5%	6,2%	37,5%	12,5%	16
Starfsnám eða framhaldsskólanám	12,6%	22,1%	36,8%	20%	8,4%	95
Nám á háskólastigi eða tækniskóla	16%	12%	36%	24%	12%	25
Fæðingarland (óg)						
Pólland	8,3%	30%	28,3%	23,3%	10,0%	60
Asía	31,6%	10,5%	36,8%	15,8%	5,3%	19
Ísland	11,5%	3,8%	44,2%	26,9%	13,5%	52
Annað land	36,4%	36,4%	18,2%	0,0%	9,1%	11

Spurning 18. í öllum listum.

Tafla 6. Ef þér væri sagt upp störfum í dag, hversu auðvelt telur þú að það væri fyrir þig að fá vinnu í þinni heimabyggð?						
	<i>Mjög auðvelt</i>	<i>Frekar auðvelt</i>	<i>Hvorki Auð/erf</i>	<i>Frekar erfitt</i>	<i>Mjög erfitt</i>	<i>Fjöldi</i>
Kyn (óg)						
Karlar	6,7%	13,3%	20%	41,7%	18,3%	60
Konur	1,4%	4,1%	21,6%	41,9%	31,1%	74
Í hjónabandi/sambúð (óg)						
Já	4,4%	15,6%	21,1%	46,7%	22,2%	90
Nei	2,2%	13,0%	45,7%	34,8%	30,4%	46
Menntun (óg)						
Grunnskólanám eða minna	0,0 %	7,1%	14,3%	57,1%	21,4%	14
Starfsnám eða framhaldsskólanám	2,1%	7,3%	22,9%	38,5%	29,2%	96
Nám á háskólastigi eða tækniskóla	13,0%	8,7%	17,4%	47,8%	13,0%	23
Fæðingarland (óg)						
Pólland	0,0%	9,7%	17,7%	23,3%	10,0%	62
Asía	6,7%	6,7%	33,3%	46,7%	6,7%	15
Ísland	7,8%	5,9%	25,5%	31,4%	29,4%	51
Annað land	0,0%	9,1%	0,0%	18,2%	72,7%	11

Spurning 19. í öllum listum.

Tafla 7. Hefur hluti af starfsmanna eða allir starfsmenn fyrirtækisins tekið á sig launalækkun og/eða afsalað sér launahækkunum á undanförunum 12 mánuðum, að ósk stjórnenda fyrirtækisins?

	<i>Nei</i>	<i>Já</i>	<i>Fjöldi</i>
<i>Kyn (óg)</i>			
Karlar	92,7%	7,3%	41
Konur	94,1%	5,9%	51
<i>Í hjónabandi/sambúð (óg)</i>			
Já	97,1%	2,9%	70
Nei	82,6%	17,4%	23
<i>Menntun (óg)</i>			
Grunnskólanám eða minna	100,0%	0,0%	7
Starfsnám eða framhaldsskólanám	97,0%	3,0%	67
Nám á háskólastigi eða tækniskóla	77,8%	22,2%	18
<i>Fæðingarland (óg)</i>			
Pólland	100,0%	0,0%	42
Asía	75,0%	25,0%	4
Ísland	92,5%	7,5%	40
Annað land	77,8%	22,2%	9

Spurning 22. í öllum listum.

Tafla 8. Ert þú stéttarfélagi eða sambærilegu félagi?

	<i>Já</i>	<i>Nei</i>	<i>Fjöldi</i>
<i>Kyn *</i>			
Karlar	78,2%	21,8%	55
Konur	93,3%	6,7%	75
<i>Í hjónabandi/sambúð</i>			
Já	89,0%	11,0%	91
Nei	82,9%	17,1%	41
<i>Menntun (óg)</i>			
Grunnskólanám eða minna	92,9%	7,1%	14
Starfsnám eða framhaldsskóli	88,0%	12,0%	92
Nám á háskólastigi eða tækniskóla	79,2%	20,8%	24
<i>Fæðingarland (óg)</i>			
Pólland	80,6%	19,4%	62
Asía	84,6%	15,4%	13
Ísland	96,1%	3,9%	51
Annað land	88,9%	11,1%	9

Spurning 30. í öllum listum.

Tafla 9. Hvaða námi/prófum hefur þú lokið? ?				
	<i>Grunnskólanámi eða minna</i>	<i>Starfsnámi eða framhaldsskóla</i>	<i>Námi á háskólastigi eða tækniskóla</i>	<i>Fjöldi</i>
<i>Kyn</i>				
Karlar	11,5%	68,9%	19,7%	61
Konur	11,7%	71,4%	16,9%	77
<i>Í hjónabandi/sambúð</i>				
Já	11,8%	67,7%	20,4%	93
Nei	10,9%	76,1%	13,0%	46
<i>Fæðingarland (óg)</i>				
Pólland	7,8%	78,1%	14,1%	64
Asía	29,4%	47,1%	23,5%	17
Ísland	10,0%	68,0%	22,0%	50
Annað land	10,0%	70,0%	20,0%	10

